

Föstudaginn 17. febrúar 1956.

Nr. 100/1955. **Aðalsteinn Guðmundsson**

(Hermann Jónasson)

gegn

Skúla Guðmundssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Héraðsdómur ómerktur, þar sem mál var vanreifað og sam-
dómendur eigi skipaðir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi hinn 15. júlí 1955 og áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. s. m. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áður dómur gengi í máli þessu, þurfti að afla skýrslna um, hversu tún, engjar og bithagi Nýjabæjar eru nú nýtt, hversu mikinn hefynd tún og engjar gefa og hversu þær og svo bithagi liggja við nýtingu frá Staðarbakka. Einnig þurfti að leiða í ljós, hversu nýting á túni, engjum og bithaga Einhamars liggur við frá Flögu. Gera þurfti uppdrátt, er sýni í höfuðatriðum afstöðu jarða þeirra, sem um er að tefla, hveurrar til annarrar.

Athugun vettvangs, lýsing og mat á staðháttum skiptir máli við úrlausn máls þessa. Átti héraðsdómari því að dæma málið ásamt samdómendum samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1800.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast

málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-
álagningar.

Stefndi, Skúli Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Aðal-
steini Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr.
1800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. nóvember 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 5. þ. m., hefur stefnandi, Skúli Guðmundsson, Staðarbakka í Skriðuhreppi, höfðað að und-
angenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir aukadómþingi Eyja-
fjarðarsýslu með stefnu, út gefinni 24. maí s.l., á hendur Aðal-
steini Guðmundssyni, Flögu, sama hreppi, og eru dómkröfur hans
í málinu þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3590.05
auk 7% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað
að að skaðlausu og að stefnda verði sem eiganda Einhamars dæmt
skylt að kosta viðhald síðargreindrar girðingar framvegis að hálfu
móti stefnanda sem eiganda Nýjabæjar. Mál þetta hefur með sam-
komulagi verið flutt fyrir bæjarþing Akureyrar og er nú dæmt
í þeim dómi.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfu um
dómsviðurkenningu um skyldu stefnda til þess að annast viðhald
girðingarinnar framvegis.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að hann kveðst hafa
farið fram á það við stefnda vorið 1952 bæði munnlega og skrif-
lega, að hann setti upp girðingu ásamt stefnanda á landamerkj-
um milli jarða málsaðilja, Einhamars og Nýjabæjar, til þess að
afstýra ágangi búfjár, sem ágreiningur hafði verið út af þá undan-
farin ár. Til þess að tryggja það, að girðing kæmist upp, krafði
hann stefnda skriflega með ársfyrirvara um þátttöku í kostnað-
inum samkvæmt 5. gr. girðingalaga nr. 24/1952. Þessu svaraði
stefndi ekki, og lét stefnandi þá reisa girðinguna einn saman að
ársfrestinum liðnum. Úttektarmenn mátu girðingarkostnaðinn kr.
6775.00. Stefnandi kveðst hafa krafði stefnda um greiðslu á helm-
ingi girðingarkostnaðarins, en hann sinnti því ekki. Lét stefnandi
því úttektarmenn meta, hvern hluta stefnda bæri að greiða sam-
kvæmt 7. gr. girðingalaganna, og mátu þeir svo, að stefndi skyldi
greiða 45% af kostnaðinum og annast viðhald girðingarinnar að
sama hluta. Áður var girðing á neðsta hluta landamerkjanna, og
mátu úttektarmenn, að kostnaður af viðhaldi hennar 1953, til
þess að hún yrði í nothæfu ástandi, væri kr. 300.00.

Stefnandi kveðst hafa áður verið búinn að kosta viðhald á nokkrum hluta þessarar girðingar, og síðan hafi hann einnig annazt viðhald það, er úttektarmenn töldu nauðsynlegt og mátu á 300.00 kr. Telur hann, að stefnda beri að greiða upphæð þessa að fullu, en stefnandi hafi áður lagt í viðhaldskostnað að sínum hluta. Samkvæmt þessu sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

Stofnkostnaður nýrrar girðingar, 45% af 6775.00 kr.	3048.75
Viðgerð eldri girðingar	— 300.00
Greiðsla fyrir mat á girðingu	— 134.72
½ árs vextir (7% af kr. 3048.75)	— 106.58

Samtals kr. 3590.05

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Til vara krefst hann lækkunar á stefnukröfunni og að sér verði aðeins gert að greiða 25% kostnaðar við nýju girðinguna, en málskostnaður verði felldur niður. Sýknukröfuna byggir hann á því, að hér sé um að ræða girðingu milli tveggja eyðjarða. Í 3. gr. girðingalaga nr. 24/1952 sé gert ráð fyrir, að jarðeigandi losni við viðhaldsskyldu slíkrar girðingar, og heimilt sé að taka hana upp, nema önnur jörð hafi not hennar. Skuli sá jarðeigandi þá taka að sér viðhaldsskylduna og kaupa hluta eyðjarðarinnar í henni, ef hann óskar. Af þessu sé ljóst, að eiganda eyðjarðar sé ekki skylt að taka þátt í kostnaði við girðingu á merkjum hennar. Varakröfuna byggir hann á því, að ef svo kynni að verða litið á, að 3. gr. girðingalaganna ætti hér ekki við, þá hafi hann fremur óhag en hag af hinni nýju girðingu og sé matsgerð úttektarmanna röng að þessu leyti, og geti því ekki verið um hærri greiðslu að ræða en lágmarksgreiðslu, sem er 25% af kostnaði samkvæmt 7. gr. girðingalaganna. Þá kveðst hann hafa neitað að taka þátt í girðingarkostnaðinum, sökum þess að girðingin sé ekki á réttum merkjum, og hefur hann áskilið sér rétt til að höfða sérstakt skaðabótamál út af því, sem á Einhamarsland er gengið með því að girða, eins og gert var.

Í málinu er upplýst og viðurkennt, að stefndi nýttar Einhamar ásamt með ábýlisjörð sinni Flögu, enda liggja þær saman, en Hörgá skilur á milli. Er Einhamar því ekki eyðijörð í merkingu 3. gr. girðingalaganna, enda hafa úttektarmenn metið samkvæmt 7. gr. sömu laga, að stefndi hafi girðingarinnar not. Mati þessu hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar. Ber stefnda samkvæmt því að greiða 45% af stofnkostnaðinum, kr. 3048.75, eins og stefnandi krefst. Ekki hefur verið leitt í ljós,

að stefnandi hafi borið fram kröfu á hendur stefnda um þátttöku í kostnaði fyrir viðhald á eldri girðingunni fyrr en í máli þessu, og ekki liggja fyrir reikningar um slíkan kostnað, nema þær 300.00 kr., sem stefnandi krefst nú og úttektarmenn hafa metið. Verður stefndi því aðeins dæmdur til að greiða 45% af þeirri upphæð samkvæmt niðurlagi 7. gr. girðingalaganna, eða kr. 135.00. Þá verður stefndi aðeins dæmdur til að greiða matskostnað í sama hlutfalli, þ. e. 45% af kr. 134.72 eða kr. 60.62. Síðasta lið kröfunnar, kr. 106.58, þykir mega taka til greina að fullu, enda hefur sú krafa ekki sætt mótmælum, hvað upphæð snertir.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 3350.95 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og kr. 1000.00 í málskostnað.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Aðalsteinn Guðmundsson, greiði stefnanda, Skúla Guðmundssyni, kr. 3350.95 auk 7% ársvaxta frá 15. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1956.

Nr. 163/1955. Ákærvaldið (Einar Ásmundsson)
gegn

Aðalsteini Jóni Þorbergssyni
(Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðarslys. Brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og hefur ákærði brotið gegn þeim lagaboðum, sem þar greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar,